

3. janúar 2007

Lokaskýrsla til Orkusjóðs fyrir verkefnið "LagnaVal-II"

Inngangur

Í maí 2002 var vefurinn lagnaVal.is opnaður, til að leiðbeina um lagnaVal í einstökum lagnaValum og miðla fróðleik um skylt efni. Vefurinn var gerður með tilstyrk frá Orkusjóði og fleirum.

Notkun hans varð fljótt allmikil eftir opnun, síðan dró lítillega úr henni um tíma en jókst síðan aftur og hefur aldrei verið meiri en á árinu 2006. Notkunin er ekki sýst af verkfræðistofum sem hanna lagnaValerfi landsmanna og jafnframt er þekkt að íslenskir hönnuðir hafi notað vefinn til að fá ráðgjöf um lagnaVal bygginga íslenskra fyrirtækja í útlöndum. Einnig má greina af umferð um vefinn að hann virðist nýtast nokkuð við kennslu, því heimsóknir eru jafnframt mjög tíðar frá skólum. Það styrkir einnig það álit forsvarsmanna vefsins að hann sé mikilvæg upplýsingaveita fyrir fagaðila að notkun hans er mest á hefðbundnum vinnutíma fólks, fimm daga vikunnar. Þótt stórir fagaðilar virðist nota vefinn mikið þá eru tengingar við hann flestar frá þeim netþjónum sem þjónusta almenning og smáfyrirtæki.

Fljótlega eftir opnun komu fram hugmyndir um að betrubæta vefinn. Orkusjóður samþykkti styrk til þess verkefnis, en erfiðlega gekk að ljúka fjármögnun þess verkefnis. Með því að sveigja aðeins til verkþættina, með samþykki Orkusjóðs, tókst það að lokum og vinna hófst við verkeið í ársbyrjun 2005.

Markmið verkefnis

Í umsókn til Orkusjóðs sagði að markmið verkefnisins væri "að setja upp á skipulegan hátt og miðla þekkingu sem til er á eiginleikum lagnaVala og vatns í veitum. Verkefninu er ætlað að skapa betri forsendur fyrir "réttu" efnisvali í lagnir í húsum. Þannig á verkefnið að lækka rekstrarkostnað og bæta rekstraröryggi við nýtingu veituvatns, hvar sem er landinu".

Af skilgreiningu verkþátta í umsókninni má ráða að í þessum öðrum áfanga verksins væri ætlunin að stórauка upplýsingar um vatnsveitur, tengja vefinn við gagnasjá Orkustofnunar þannig að upplýsingar geti flætt sjálfvirkt á milli og uppfæra aðra hluta vefsins.

Framvinda verkefnis

Verkefnið gekk nokkuð vel á árinu 2005, en erfiðlega gekk að ljúka verkþáttum, aðallega vegna þess að þróun gagnavefsjár OS gekk hægar en áætlanir höfðu verið uppi um, en einnig vantaði mikið upp á að greiningar á vatni vatnsveitna, sem ætlunin var að setja í gagnagrunninn, væru tilbúnar. Framgangur einstakra verkhluta sem í gangi voru var útlistaður í áfangaskýrslu til Orkusjóðs í janúar 2006. Verkefnið mjakaðist áfram á árinu 2006 og verkþáttum lauk hverjum á fætur öðrum og nú við árslok eru allir verkþættir að stofninum til búnir, verið er að yfirfara framsetningu upplýsinga og laga villur sem þá sjást. Stefnt er að því að nýji vefurinn verði orðinn nokkuð villulaus fyrir 10. janúar 2007 og verður þá gamla vefnum skipt út.

Í fyrstu útgáfu lagnavals voru einungis upplýsingar um tíu vatnsveitur. Með söfnun á upplýsingum eru þær nú orðnar um 80 og líklegt að þær fari yfir 100 fljótlega á árinu 2007. Þarna eru því komnar upplýsingar um efnasamsetningu vatns í flestum stærstu vatnsveitum landsins og ráðgjöf fyrir þær.

Í fyrstu útgáfu lagnavals voru 215 hitaveitur og þeim hefur lítið fjölgað. Hins vegar hefur ráðgjöf lítilllega breyst enda hafa komið fram nýjar upplýsingar sem ráðgjöfin byggir á. Stærsta breytingin er þó sú að nýjar efnagreiningar, nýjar veitur eða aðrar slíkar upplýsingar sem skráðar eru í gagnagrunn Orkustofnunar færast nú sjálfkrafa yfir í lagnavalsgrunninn og því er veitt ráðgjöf um lagnaval strax eftir að upplýsingar frá nýjum borsvæðum eru skráðar þar inn. Þessari sjálfvirku uppfærslu vefsins fylgja nokkrar kerfisbreytingar og þeim hafa fylgt þær villur í framsetningu sem nú er verið að yfirfara og laga.

Kostnaður og fjármögnun

Upphaflegar áætlanir hljóðuðu upp á 8.775 þús. kr. kostnað en raunkostnaður er 8.995 þús. kr. nú í árslok 2006. Kostnaðurinn hefur aðeins hliðrast milli aðila verkefnisins eins og sjá má í töflu hér að neðan, þótt heildarkostnaður sé nærri lagi.

	Áætlaður kostnaður (þús. kr.)	Raunkostnaður (þús. kr.)
Iðntæknistofnun	1.025	2.333
OS (og Ísor)	6.500	5.317
Háskólinn á Akureyri	1.050	1.245
Ásbjörn Einarsson	200	100
Samt.	8.775	8.995

Uppgjör

Iðntæknistofnun skrifar nú um áramót út reikning fyrir lokagreiðslu Orkusjóðs.

Páll Árnason, verkefnisstjóri
Iðntæknistofnun